

# Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 599/2005, um ökumæla, verkstæði, álestraraðila og eftirlitsaðila kílómetragjalds.

## 1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Vegna ákvörðunar kílómetragjalds og sérstaks kílómetragjalds á árunum 2017 og 2018 er ríkisskattstjóra heimilt að gefa út akstursbók, skv. 15. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, í formi eyðublaða. Skráning upplýsinga skv. 13. og 16. gr. reglugerðarinnar á slík eyðublöð telst fullgild skráning í akstursbók. Um aðra skráningu, eftirlit og varðveislu eyðublaðanna gilda eftir því sem við geta átt þær reglur sem við eiga um skráningu, eftirlit og varðveislu akstursbókar.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild 3. mgr. 23. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu kílómetragjalds og sérstaks kílómetragjalds 2017.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 21. nóvember 2017.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Benedikt S. Benediktsson.*

### Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.